

66 30. maí. íngi, frá 20. septembr. f. á. áhrærandi rekstur silfurbergsnáma þess, sem landssjóðurinn á Helgustaðafjalli, hefir um málið verið leitað álits Johnstrups professors, og er það til-laga hans, að áður en ráðið verði til fastra úrslita, hvernig námanum verði ráðstafað, skuli gjöra tilraun með að rjúfa námann, svo að við það leiðist í ljós bæði ástand ná-mans sjálfs, kostnaðurinn við að vinna námann, svo og um verðlag og sölu þess, er fást kynni.

Að því er snertir aðferð þá, er hafa bæri við framkvæmd slíkrar tilraunar, hefir Johnstrup prófessor tekið það fram, að námarofið ekki útheimti neina sjerlega kunnáttu nje lægni, og að það að líkindum muni auðsött og óhætt að ráða til þess nokkra af verkamönnum þeim, er áður hafa starfað að námagreptinum fyrir Tullínus kaupmann; þurfi þar á staðnum, er tilraunin verði gjörð, einungis að reisa lítið timburhús fyrir fá-eina verkamenn, og megi án frekari fyrirhafnar hrúga hinu lakara silfurbergi, þar sem það sje tekið upp og þangað til að svo mikið sje komið, að það svari kostnaði að senda það til Danmerkur eða Englands. Hinu betra (gagnsæa) silfurbergi þurfi þekki að flokka eptir gæðum, heldur megi láta það í kassa og senda það til Kaupmannahafnar og býðst þá prófessorinn til að rannsaka það og sundurgreina með fulltingi aðstoðarmanna við vísindasafnið, án kostnaðar fyrir landssjóð; muni síðan megi selja úrvalið annaðhvort hjer á staðnum þeim, er kaupir og selur þesskonar, eða þá senda það til annara landa fyrir milligöngu slíks manns. Að því er fyrirstöðu fyrir námagreptinum [snertir, hefir Johnstrup prófessor tekið fram, að vel væri tilfallið að fela hana kennara við Möðruvalla-skólann Þorvaldi Thoroddsen, sem myndi geta látið byrja á honum í sumarleyfinu, og að Tryggvi kaupmaður Gunnarsson, sem hann hafi borið sig saman við, hafi tjáð sig fúsán til að liðsinna við tilraunina, ef á hann væri skorað um það. Loks hefir John-strup prófessor látið í ljósi, að það væri óskjilegt, að Þorvaldur Thoroddsen, ef hann eins og hann hafi heyrt, að væri áformað, ferðaðist til Danmerkur í sumar, kæmi við á Eskifirði — helzt á utanleiðinni — til þess að kynna sjer núverandi ástand námans.

Þar eð nú ráðgjafinn eptir þessu verður að álíta rjettast, að næstkomandi ár verði gjörð tilraun til að rjúfa námann á þann hátt, sem Johnstrup prófessor hefir vikið á, er þjónustusamlega skorað á yður, herra landshöfðingi, að reyna til að koma á samningi við Þorvald Thoroddsen um, að hann takist á hendur forstöðu fyrir slíkri tilraun gegn hæfilegri þóknun, og, ef til vill framkvæmi rannsókn þá á ástandi námans, er Johnstrup prófessor hefir bent til.

Jafnframt þessu er ekki undanfellt til þóknanlegrar leiðbeiningar að bæta því við, að í dag hafi verið skorað á Tryggva kaupmann Gunnarsson að undirbúa eptir nánara samkomulagi við yður allt það, er miðar til þess, að hin umtædda tilraun með náma-rofið geti orðið framkvæmd næsta ár.

67 30. maí. — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um brúargjörð á Þjórsá og Ölvesá. — Með þóknanlegu brjefi frá 28. nóvember 1879, senduð þjer, herra lands-höfðingi, ráðgjafanum uppdrátt og áætlun frá herrunum P. & W. Maclellan í Glasgow, og budust þar fjelagar þessir til fyrir samtals 35.550 kr. að afhenda án frekara kostnaðar um borð á skipi í Leith allt efni í þær 2 brýr yfir Ölvesá og Þjórsá, sem getur um í lagafrumvarpi frá síðasta alþingi, er fylgdi brjefi yðar frá 15. október 1879, þannig að ekkert vantaði til að setja upp þessar brýr. Í brjefi frá 15. marz f. á. hafið þjer enn fremur gefið nokkrar skýringar um kostnað þann, sem myndi leiða af því að flytja

brúaefnið, setja upp brýrnar o. fl. og ætlið þjer eptir þessu, að kostnaðurinn við báðar brýrnar muni ekki fara fram úr 50 til 60000 kr. en allt að 100000 kr. voru veittar í 30. maí. Þessu skyni með ofanefndu lagafrumvarpi, og leggið þjer því það til, að það verði að lögum gjört.

Þar eð ráðgjafinn sá sjer ekki fært að dæma um, hvort brúargjörð sú væri áreiðanleg og hagkvæm, sem hið skozka fjelag hafði stungið upp á, og með því að ráðgjafinn af tilliti til þess, hvaðan ætti að taka fje það, er þyrfti með til brúargjörðarinnar, yrði að ætla það nauðsynlegt, að fá álit kunnugs mauns, hvort mögulegt væri að framkvæma verk þetta fyrir allt að 100000 kr.; en það varð að vera mjög vafasamt, var leitað álits um málið frá verkfræðingi innauríkisstjórnarinnar. Þetta álit laut sumpart að því, að gjöra yrði nokkrar breytingar á hinum fyrirætluðu brúargjörðum með tilliti til styrkleika brúnna, sumpart að því, að kostnaðurinn við flutning á brúarefninu og að setja upp brýrnar væri of lágt metinn; og loksins að fara ætti því á flot, að brýrnar yrðu afhentar fullgerðar, hver á sínum rjetta stað á Íslandi, og var því fyrir milligöngu generalkonsulsins í Leith skorað á P. & W. Maclellan að bjóðast til að skila brúnum fullgerðum og upp settum hvorri á sínum stað á Íslandi með þeim breytingum á fyrirkomulagi þeirra, sem voru álitnar nauðsynlegar. En slíkt boð hefir hið nefnda fjelag tjáð sjer ófært að gjöra, og því hefir ráðgjafinn látið búa til uppdrætti og undirboðsskilmála til að takast þennan starfa á hendur, sem og gefið nokkrum hinum stærri fjelögum hjer í landi og í Svíþjóð tækifæri til að koma fram með boð um það. Þar sem nú að eins eitt af boðum þeim, er komið hafa fram, og hafa herrarnir C. F. Riedel & Lindegaard í Kaupmannahöfn gjört það, gengur út á að afjúka öllu verkinu á Íslandi, og þareð þetta tilboð hljóðar uppá 93000 kr. borgun fyrir brúna yfir Ölvesá en 99000 kr. fyrir brúna yfir Þjórsá, og það þannig er fullsjeð, að báðar brýrnar verða ekki gjörðar fyrir það fje, sem veitt var til þess, allt að 100,000 kr., hefir lagafrumvarp alþingis um brúargjörð á Þjórsá og Ölvesá ekki orðið borið undir konung til allrahæztu staðfestingar.

Jafnframt því að tjá yður, herra landshöfðingi, hið framanskráða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild stjórnartíðindanna, vil jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer hlutizt til um, að alþinginu gefist kostur á að kynna sjer meðfylgjandi skjöl og uppdrætti, sem lúta að brúargjörðinni, og fylgir hjer með uppteiknun yfir þau.

Samhlíða þessu læt jeg ekki hjálíða að senda yður samrit af brjefi frá J, Windfeld Hansen ingenieur ásamt þeim tveim uppdráttum, sem þar í er vitnað til, og leggur hann þar það til, að, ef brúargjörðin fái ekki framgang, verði reynt að koma á dragferjum yfir Þjórsá og Ölvesá.

Með því að slíkar ferjur virðast geta bætt úr hinum verulegustu örðugleikum, sem flutningur yfir tjeð vatnsföll hafa í för með sjer, og eins og nú á stendur virðast geta fullnøgt kröfunum um betri samgöngur, og með því að þær samkvæmt hjálögðu fylgiskjali frá Klentz trjesmið, geta fengizt með væguj verði, er ástøða til að ætla, að slíkt fyrirkomulag kynni að vera tiltækilegt, eins og nú stendur á, og mælist ráðgjafinn því til þess, að þjer gjörrið alþinginu kunnuga fyrnefnda uppástungu og skorið á það að taka hana til ítarlegri ihugunar, sem og að þjer hjer á eptir vilduð þóknanlega hlutast til um, að skýrslur þær verði útvegaðar, sem óskað er eptir í brjefi Windfelds Hansens.

Þegar búið er að nota fylgiskjöl þessa brjefs, óskast þau endursend.